

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 29. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202402-0007  
SS

## Efni: Umsögn um nýtt deiliskipulag fyrir Gráhelluhraun og tengdar skipulagsbreytingar.

Vísað er í tölvubréf frá Hafnarfjarðarbæ, sem barst gegnum Skipulagsgátt, þann 1. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Gráhelluhraun, ásamt breytingu á skipulagsmörkum deiliskipulags Athafnasvæðis Hestamannafélagsins Sörla og breytingu á skipulagsmörkum deiliskipulags Kaldárselsvegar við Ásland 3 og Mosahlíð.

Nýtt deiliskipulag fyrir Gráhelluhraun nær yfir skógræktarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar en þar hófst gróðursetning árið 1947 og svæðið eitt af elstu skógræktarsvæðum í Hafnarfirði. Svæðið er mikið notað til útivistar, m.a. liggur reiðleið frá hesthúsa<sup>s</sup>svæði Sörla umhverfis svæðið. Þá eru göngustígar og áningarsvæði innan þess.

Gráhelluhraun, sem er hraun frá nútíma sem fellur undir ákvæði 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, um sérstaka vernd náttúruminja, er að hluta innan áætlaðs skipulagssvæðis. Hraunið er einnig undir hverfisvernd og nær sú vernd yfir nær allt skipulagssvæðið. Ásýnd Gráhelluhrauns hefur þegar verið breytt á allstóru svæði með skógrækt auk þess sem jaðri hraunsins hefur verið raskað sunnan skipulagssvæðisins.

Mikilvægt er að hlífa Gráhelluhrauni við frekara raski og uppfylla þannig ákvæði náttúruverndarlaga um sérstaka verndun. Náttúrufræðistofnun tekur undir ábendingu frá Umhverfisstofnun sem vísað er í á bls. 10 í greinargerð deiliskipulagsins þar sem bent er á að illa fer að rækta erlendar plöntutegundir á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Í skilmála deiliskipulagsins er bent á að skógurinn sé eldri en regluverk um ræktun erlendra plöntutegunda en að tekið verði tillit til þess við viðhald og grisjun skógarins, m.a. til að gera hraunmyndanir sýnilegri. Náttúrufræðistofnun telur mjög mikilvægt að þessu sé fylgt eftir, og að einnig sé komið í veg fyrir sjálfsáningu framandi trjátegunda út í hraunið. Áform eru um nýja skógrækt austarlega á svæðinu. Forðast ætti að planta framandi trjátegundum þar. Þá þarf að aðlaga alla áætlaða stígagerð og aðra innviðaupbyggingu þannig að hún valdi ekki raski á hraunmyndunum. Áætluð uppbygging bílastæða verður staðsett á þegar röskuðum svæðum og á ekki að hafa áhrif á hraunið.

Ekki eru gerðar athugasemdir við áætlaða breytingu á skipulagsmörkum deiliskipulags Athafnasvæðis Hestamannafélagsins Sörla eða við breytingu á skipulagsmörkum deiliskipulags Kaldárselsvegar við Ásland 3 og Mosahlíð.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

